

Umhverfisstofnun
Ólafur A Jónsson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. janúar 2009
2009010018/42-8
SE/kj/jgo

Efni: Rannsóknarboranir í Gjástykki, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 9. janúar 2009 þar sem óskað er álit
Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi jarðmyndana á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í
Gjástykki sem kynnt er í tillögu að matsáætlun sem Landsvirkjun hefur lagt fram til meðferðar hjá
Skipulagsstofnun.

Í kafla 4.3 *VERND* í tillögu að mátsáætlun er m.a. fjallað um hverfisvernd á
framkvæmdarsvæðinu. Nær allt framkvæmda- og orkuvinnslusvæðið í Gjástykki fellur undir
verndarákvæði 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um jarðmyndanir og vistkerfi
sem njóta sérstakrar verndar. Svæðið er að mestu þakið hraunum sem runnið hafa eftir ísöld og
þar er nokkur jarðhiti á yfirborði.

Í samþykktu svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er skilgreind
hverfisvernd í Gjástykki. Annars vegar eru vernduð hraun frá Kröflueldum (1975-1984) að
undanskildum þeim hluta þeirra sem skilgreindur er sem orkuvinnslusvæði og hins vegar er rein
með sprungum og misgengjum. Það rýrir mjög gildi þessarar hverfisverndar að hún virðist fyrst
og fremst skilgreind á forsendum orkuvinnslunnar, auk þess sem í hana skortir samhengið í
jarðfræði svæðisins.

Í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram hvað átt er við með „orkuvinnslusvæði“ en það hugtak er
ekki skýrt í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Náttúrufræðistofnun bendir á að ákvæði 37. gr. laga
nr. 44/1999 um náttúruvernd gilda óháð landnotkun.

Í kafla 5.4.3 *JARÐMYNDANIR* segir m.a. að lagt verði mat á það hvort rannsóknarboranir muni
hafa áhrif á fjögur fyrirbæri sem telja megi til sérstakra jarðmyndana í Gjástykki. Í *töflu 1* í kafla
6.3 *ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINAR* kemur fram að Umhverfisstofnun hefur bent á að leggja
beri heildstætt mat á verndargildi svæðisins í stað þess að leggja áherslu á verndun stakra
jarðmyndana án tillits til stærra samhengis. Viðbrögð framkvæmdaraðila við þessum
athugasemdum (sbr. *töflu 1*) þess efnis að ekki sé þörf á að meta verndargildi svæðisins heildstætt

á þessu stigi verða teljast í hæsta máta óviðeigandi, ekki síst í ljósi þess að það er eitt af lögbundnum hlutverkum Umhverfisstofnunar (ásamt Náttúrufræðistofnun Íslands) að leggja mat á verndargildi náttúru Íslands og náttúrminja.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er Gjástykki einstætt frá jarðfræðilegu sjónarmiði, bæði á landsvísu og á heimsvísu. Gjástykki er eitt fárra svæða á Íslandi þar sem glögglega má sjá hvernig landið hefur gliðnað með tilheyrandi sigdæld, sprungum og misgengjum. Þar má jafnframt skoða hvernig hraun frá Kröflueldum hefur komið upp á svæðinu og runnið um svæðið, hulið sprungur og jafnvel runnið ofan í þær. Í Kröflueldum var í fyrsta sinn í heiminum fylgst með gliðnunarhrinu í eldstöðvakerfi á flekaskilum þar sem atburðurinn var allur vaktaður. Fylgst var með landsigi og -risi, gliðnun mæld, fylgst með kvikuhlaupum á jarðskjálftamælum og spáð fyrir um einstök eldgos. Að mati stofnunarinnar eru ómetanleg jarðfræðileg, vísindasöguleg og menningarsöguleg verðmæti fólgin í þessum þætti í myndunarsögu Íslands. Frá þessu sjónarmiði er allt rask í Gjástykki óæskilegt og gildir það reyndar um svæðið allt frá Leirhnúk norður í Kelduhverfi.

Í athugasemdum Umhverfisstofnunar við drög að tillögu að matsáætlun (sbr. *töflu 1*) kemur m.a. fram að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um þann möguleika að staðsetja borteig utan við hraun frá Kröflueldum. Í viðbrögðum framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að staðsetning fyrirhugaðs borteigs hafi verið rökstudd og að staðsetning utan hrauna frá Kröflueldum valdi gróðurskemmdum. Einnig að ljóst sé að ómögulegt sé að forðast röskun eldhrauns þar sem allt svæðið sé þakið misgömlum hraunum frá nútíma. Þessi viðbrögð framkvæmdaraðila einkennast af vanþekkingu. Hvað varðar ætlaðar gróðurskemmdir þá liggur ekkert fyrir um það hvort hér sé um viðkvæman gróður að ræða og það er augljóslega mat Umhverfisstofnunar (eins og Náttúrufræðistofnunar) að verndargildi yngsta hraunsins sé meira en eldri hrauna á svæðinu. Ástæðulaust er fyrir framkvæmdaraðila að gera lítið úr því álitu.

Varðandi ofangreint bendir Náttúrufræðistofnun á að í tillögu að matsáætlun er staðsetning borteigs úti í miðju hrauni frá Kröflueldum ekki rökstudd að öðru leyti en því að sagt er að hún sé á miðju jarðhitasvæði. Lega og útbreiðsla jarðhitasvæðisins er þó ekki kynnt í tillögu að matsáætlun. Þar er reyndar ekki að finna neinar upplýsingar sem skýra þörfina fyrir borun rannsóknar- og vinnsluholu í Gjástykki og því ógerlegt að leggja mat á það hvort fyrirhuguð staðsetning borteigs er heppileg eða skynsamleg og hvort aðrir kostir koma til álita (sbr. 13. gr. 2. t. e í reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum).

Að lokum telur Náttúrufræðistofnun nauðsynlegt að benda á eftirfarandi: Í greinargerð sem fylgdi fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytis dags. 3. september 2007 um rannsóknarleyfi á Gjástykkissvæðinu kemur m.a. fram þar sem fjallað er um umsagnir vegna umsóknar Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi dags. 25. október 2004, að umhverfisráðuneyti hafi fallist á leyfið og að umsögninni hafi fylgt umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 1. desember 2004. Í umsókn Landsvirkjunar var skýrt tekið fram að einungis væri óskað eftir leyfi til yfirborðsrannsókna sem ekki hefðu í för með sér neitt rask og að fyrirtækið myndi síðar óska eftir sérstöku leyfi til frekari rannsókna, sem þá gætu m.a. falið í sér boranir. Jákvæð umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands var veitt á þessum forsendum. Landsvirkjun ítrekaði umsóknina 15. september 2006. Þar segir m.a. að Þeistareykir ehf. og Landsvirkjun stefni að því að sækja um ítarlega rannsóknarleyfi á Gjástykkissvæðinu sem meðal annars feli í sér rannsóknarboranir

eftir að yfirborðsrannsóknnum ljúki og niðurstöður gefi tilefni til. Með bréfi dags. 8. maí 2007 ítrekaði Landsvirkjun enn umsókn sína um rannsóknarleyfi á Gjástykkissvæðinu. Í bréfinu kemur fram að yfirborðsrannsóknnum sé að mestu lokið á svæðinu (væntanlega í samvinnu við landeigendur) og að næsta skref í rannsóknnum þar sé borun rannsóknarhola. Hér er því ekki sótt um leyfi til yfirborðsrannsókna eins og áður heldur til borunar rannsóknarhola. Þrátt fyrir þessa grundvallarbreytingu á umsókninni kveðst iðnaðarráðuneytið hafa talið að erindi Landsvirkjunar frá 8. maí 2007 væri aðeins ítrekun á hinni upphaflegu umsókn fyrirtækisins frá 25. október 2004 og gaf leyfið út á grundvelli eldri umsagana. Náttúrufræðistofnun Íslands vill undirstrika að þrátt fyrir þessa skoðun iðnaðarráðuneytisins er það mat stofnunarinnar að útgáfa rannsóknarleyfisins geti á engan hátt verið byggð á umsögn stofnunarinnar dags. 1. desember 2004.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Kristján Jónasson
fagsviðsstjóri jarðfræði



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS